



# FRÉTTABRÉF SSNE

SEPTEMBER OG OKTÓBER 2022

## SPRETTHÓPAR SSNE Í UMHVERFISMÁLUM

Sóknaráætlun SSNE byggist á þremur meginstoðum; menningarmálum, atvinnu- og nýsköpunarmálum og umhverfismálum. Að baki hverri stoð liggur fagråd sem fundar reglulega og gerir tillögur að verkefnum og aðgerðum. Á fundi sínum í júní sl. lagði fagråd umhverfismála til að settir yrðu á fót spretthópar á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Hóparnir skyldu skipaðir sérfræðingum á sínu sviði og skulu skila tillögum um aðgerðir sem stuðla að samdrætta í losun gróðurhúsalofttegunda til SSNE og sveitarfélaganna.

Tillaga fagráðsins var gripin á lofti, útfærð frekar og kynnt fyrir stjórn SSNE. Í haust fór af stað vinna við verkefnið fyrir alvöru með tímabundinni ráðningu verkefnastjóra spretthópavinnunnar. Kristín Helga Schiöth hefur verið ráðin til að funda með spretthópunum, vinna úr niðurstöðum þeirra og tillögum og fylgja verkefnum eftir til framkvæmdar.

Kristín Helga hefur áður starfað hjá Umhverfisstofnun í teymi hringrásarhagkerfis við innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, utanumhald við loftslagsstefnugerð ríkisaðila og grænt bókhald, en hún er menntuð í alþjóðafræðum frá Árósháskóla. Það er óhætt að segja að mikil spennan ríki í kringum verkefnið, bæði innanhúss og utan og mikill kraftur í hópunum sem búið er að mynda.

Hóparnir eru fimm talsins og í hverjum þeirra sitja þrír sérfræðingar á sínu sviði. Hver hópur fundar þrisvar sinnum í þrjá tíma í senn og ástæða er til að ætla að vinnan skili markvissum og skýrum aðgerðum sem sveitarfélög geta nýtt sér.

Spretthóparnir byggja á stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og markmiðum Íslands um að draga saman um 55% í myndun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, miðað við árið 2005. Þeir horfa að sjálfsögðu til Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, fylgja aðgerðum Stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 og aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem varða orkuskipti.

Hóparnir fimm fjalla um:

- Orkuskipti (aðgerð B.2. í Stefnumótandi byggðaáætlun)
- Innleiðingu hringrásarhagkerfis og sjálfbær samfélög (aðgerð C.8. í Stefnumótandi byggðaáætlun)
- Bætta landnotkun (aðgerð C.11. í Stefnumótandi byggðaáætlun)
- Aðlögunaraðgerðir sveitarfélaga vegna loftslagsbreytinga (aðgerð C.10. í Stefnumótandi byggðaáætlun)
- Náttúruvernd og byggðapróun (aðgerð C.9. í Stefnumótandi byggðaáætlun)

Fyrstu tveir hóparnir hafa þegar fundað og það styttest í fyrsta fund landnýtingarhópsins. Innan hópanna má finna sérfræðinga á sviði orkuskipta, orkusparnaðar, úrgangsmála, sjálfbærniaðgerða, innleiðingu deiliahagkerfa, endurheimtar votlendis, skógræktar og landnýtingar í landbúnaði. Lagt er upp með að a.m.k. einn sérfræðingur hvers hóps hafi tengingu við svæðið.

Eins og gefur að skilja skortir ekki hugmyndir að aðgerðum í spretthópunum, en markmið vinnunnar er ekki síst að greina aðgerðirnar eftir því hversu árangursríkar og raunhæfar þær eru. Aðgerðirnar eru einnig sérstaklega miðaðar að svæði SSNE og þannig fá sveitastjórnir mikilvæg tæki í hendurnar til að fara af stað við að innleiða mótvægisáðgerðir í starfsemi sína.

# STYRKJAUMHVERFIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Hér er styklað á stóru á þeim sjóðum sem eru opnir nú en fleiri umsóknarfresti má finna á heimasíðu SSNE.

## • Uppbyggingarsjóður SSNE / 17. nóvember

- **Fyrir hverja?** Lögráða einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög á Norðurlandi eystra.
- **Til hvers?** Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun Norðurlands eystra.

## • Lýðheilsusjóður / 15. nóvember

- **Fyrir hverja?** Til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna.
- **Til hvers?** Stuðla að heilsuefningu og forvörnum.

## • Samfélagsstyrkir Norðurorku / 15. nóvember

- **Fyrir hverja?** Sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga.
- **Til hvers?** Styrkir til menningar- og lista, íþrótta- og æskulýðsstarfs og góðgerðarmála, einkum á starfssvæði SSNE.

## • Betri Bakkafjörður: Frumkvæðissjóður Brotthættra byggða / 15. desember kl. 12

- **Fyrir hverja?** Verkefni sem styðja við markmið og framtíðarsýn í verkefninu Betri Bakkafjörður.
- **Til hvers?** Til að efla samfélagsinnviði, atvinnlíf, mannlíf og ímynd Bakkafjarðar.

## • Samfélagssjóður Landsvirkjunar / 30. nóvember

- **Fyrir hverja?** Einstaklinga, hópa, sjálfseignarstofnanir og frjáls félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.
- **Til hvers?** Að styðja verkefni sem hafa breiða samfélagslega skírskotun og möguleika á að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag.

## • Loftslagssjóður / 6. desember 2022 kl. 15

- **Fyrir hverja?** Aðila sem vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að draga úr losun.
- **Til hvers?** Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir m.a. til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

## FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRA

**SJÁ NÁNAR**

**Bóka viðtal hjá ráðgjafa**



## HEIMSÓKN TIL RÓTARÝKLÚBBS ÓLAFSFJARÐAR

Rótarýklúbbur Ólafsfjarðar bauð okkur hjá SSNE að vera með kynningu á fundi hjá þeim nýverið. Þær Anna Lind og Albertína tóku kynntu þar helstu verkefni SSNE, auk þess sem Anna Lind kynnti sérstaklega Norðanáttina sem SSNE, SSNV og Eimur standa að með stuðningi frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.



Mynd: Rótarýklúbbur Ólafsfjarðar.

Hluti af hluti af því verkefni tengist Fjallabyggð sérstaklega þar sem haldinn er sérstök fjárfestahátíð á Siglufirði.

## SÉRTÆK VERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNARSVÆÐA: EFLING ÞJÓNUSTU VIÐ ELÐRA FÓLK Í FJALLABYGGÐ

Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða, efling þjónustu við eldra fólk í Fjallabyggð.

Þann 14. september sl. undirrituðu Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdstjóri SSNE og Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri Fjallabyggðar samning um sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.

Markmið verkefnisins er að efla þjónustu við eldra fólk og traust notenda til stuðnings heimaþjónustu og dagþjálfunar og ná þannig fram að eldra fólk geti búið heima sem lengst við góðar aðstæður bæði hvað varðar öryggi og félagslega þætti.

Verkefnið er áfangaskipt til þriggja ára.




## FYRIRTÆKJAHEIMSÓKNIR

Það er mikilvægt fyrir starfsemi SSNE að þekkja vel til starfandi fyrirtækja á svæðinu. Þar sem Covid-19 hefur verið allsráðandi stærstan hluta starfstíma SSNE hafa ekki gefist jafn mörg tækifæri til heimsóknna og starfsfólk hefði viljað.

Nú erum við að reyna að bæta um betur og fór starfsfólk SSNE til að mynda í heimsókn í Véltag og á Amtsbókasafnið á Akureyri nýverið. Þá hittu starfsfólk frá okkur fulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar í nýrri gestastofu og starfsstöð náttúruverndarsvæða við Mývatn þar sem áður var Hótel Gígur.

Það er greinilega mikill hugur í fólki í landshlutanum og margt spennandi um að vera. Við hjá SSNE þökkum fyrir móttökurnar og hlökkum til að halda áfram heimsóknum á næstu vikum og mánuðum.



## MEGUM VIÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN?

Starfsfólk SSNE vill gjarna kynnast starfandi fyrirtækjum á svæðinu betur og verður sérstök áhersla lögð á að heimsækja sveitarfélög, fólk og fyrirtæki á starfssvæðinu næstu mánuði.

Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá fulltrúa SSNE í heimsókn máttu gjarna hafa samband með því að senda póst á netfangið [ssne@ssne.is](mailto:ssne@ssne.is) og við finnum tíma sem hentar.

## ALLT AÐ GERAST Í ÚRGANGSMÁLUNUM

Vinna við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi gengur vel. SSNE og Environice hafa nú lokið við að heimsækja sveitarfélögin á starfssvæði SSNE þar sem drög að svæðisáætlun voru kynnt.

Búið er að safna saman miklu magni af upplýsingum en mikilvægt er að hafa í huga að þetta plagg mun leggja grunninn að stefnu landshlutans í úrgangsmálum næstu 12 árin. Það var því lögð áhersla á í kynningum að fá þátttöku við mótun framtíðarstefnu og aðgerðaráætlunar í forvörnum, meðferð og ráðstöfun úrgangs.

Kynningarnar heppnuðust vel og var almennt góð þátttaka í umræðum á fundum, enda mikið verk fyrir höndum þó mikið hafi nú þegar unnist. Stefnt er að því að svæðisáætlunin verði lögð fram til almennrar kynningar þegar sveitarfélögin hafa fjallað um hana innan sinna

Vinna við uppsetningu samræmdra samþykta er einnig komin langt á veg. Vonast er til að sú vinna styðji við bæði skuldbindingar sveitarfélaga og skyldur úrgangshafa. Markmið samvinnunnar er í grunninn að einfalda umgengni íbúa við úrgang á svæðinu og draga úr ruglingi þegar ferðast er milli sveitarfélaga. Þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögin muni aðlagða drögin að þörfum síns sveitarfélags.

Svæðisáætlun  
um meðhöndlun úrgangs  
á Norðurlandi  
2023-2036



Haust 2022

environice

## VERKEFNASTJÓRI SPRETTHÓPAVINNU Í UMHVERFISMÁLUM

Kristín Helga Schiöth hefur hafið störf sem verkefnastjóri hjá SSNE, þar sem hún mun verkefnastjóra áhersluverkefni sem snýr að stefnumótun og aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagsmálum á svæðinu.

Tímarammi áhersluverkefnisins eru 10 mánuðir og felur í sér myndun spretthópa á sviði landnýtingar, orkuskipta og úrgangsmála sem eiga að skila skýrum tillögum um framkvæmanleg verkefni sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, auk annars umhverfisávinnings.

Kristín Helga er menntaður alþjóðfræðingur frá Árósháskóla, með víðtæka reynslu af verkefnastjórnun. Hún starfaði síðast sem sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, við verkefnið Græn skref í ríkisrekstri. Kristín Helga fluttist aftur til heimabæjarins Akureyrar ásamt fjölskyldu sinni vorið 2019 eftir náms- og starfsár í Reykjavík og Danmörku. Hún er mjög spennt fyrir verkefninu sem henni hefur verið falið að stýra, enda er málefnið brýnt og mikilvægt að hrinda af stað aðgerðum í umhverfis- og loftslagsmálum.

Kristín Helga mun hafa aðsetur á starfsstöðinni á Akureyri, í bland við reglubundnar ferðir á starfsstöðina á Húsavík.



## AUKAÞING

FÖSTUDAGINN 2. DESEMBER  
-DRÖG AÐ DAGSKRÁ-



### 08:30 Þingsetning

- Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður SSNE
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Kosning kjörnefndar

### 08:45 Skýrslur um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar

- Skýrsla stjórnar SSNE um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar 2022.
- Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar

### 09:10 Mál til afgreiðslu

- Starfsáætlun SSNE fyrir árið 2023
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### 09:45 Ávörp gesta

### 10:30 Samtal um umhverfismál

- Hlutverk SSNE í framkvæmd svæðisáætlunar
- Spretthópar SSNE í umhverfismálum
- Umræður

### 11:15 Áhersluverkefni 2023

### 12:00 Samantekt og þingslit

SKRÁNING Á [SSNE@SSNE.IS](mailto:SSNE@SSNE.IS)  
EÐA [SSNE.IS](https://SSNE.IS)



# ÖFLUGT VAXTARRÝMI FARIÐ AF STAÐ

Tíu kraftmikil nýsköpunarteymi af Norðurlandi hafa verið valin til þátttöku í viðskiptahraðalinn Vaxtarrými sem hóf göngu sína 3. október næstkomandi. Þetta er í annað sinn sem Norðanátt heldur Vaxtarrými fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Norðurlandi.


## Fleiri verkefni taka þátt í ár

„Það kom okkur skemmtilega á óvart að í þessari annarri hringrás nýsköpunar á Norðurlandi stæðum við frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa að taka inn fleiri fyrirtæki en í fyrsta viðskiptahraðlinum sem var í fyrrihaust“, segir Sesselja Barðdal Reynisdóttir úr verkefnastjórn Norðanáttar. „Þetta sýnir okkur að það er augljós þörf fyrir svona innvið eins og Norðanátt á Norðurlandi því fólkið og hugmyndirnar eru greinilega til staðar“.

Vaxtarrými er átta vikna viðskiptahraðall fyrir frumkvöðla, ný fyrirtæki og nýsköpunarverkefna innan starfandi fyrirtækja á Norðurlandi, þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni undir þemanu matur, orka og vatn. „Markmiðið er að hjálpa teyminum að vaxa hratt á þessum átta vikum og á þeirra forsendum, en dagskráin og fræðslan er sérhönnuð með þarfir þátttakenda í huga“, segir Sesselja. Teymin hitta reynslumikla leiðbeinendur, frumkvöðla, fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja frá öllu landinu, sitja vinnustofur og fræðslufundi og mynda sterkt tengslanet sín á milli.

## Flestar umsóknir frá Akureyrarbæ

Umsóknir í Vaxtarrými bárust víðsvegar af Norðurlandi og voru þáttökuteymin tilkynnt á nýsköpunarviðburð Norðanáttar í hátíðarsal Háskólans á Akureyri föstudaginn 23. september sl.



„Líkt og í fyrra er fjölbreytt flóra af verkefnum sem taka þátt. Þetta eru meðal annars verkefni tengd hugbúnaði um loftslagsmál, orkuskiptum, sjávarútveg, rættkun og hringrásahagkerfinu.“, segir Sesselja.

„Við teljum að nýsköpun á Norðurlandi sé á blússandi siglingu og mikil gróska sé hér norðan heiða og er ótrúlega ánægjulegt að sjá dreifingu verkefna um Norðurland. Í ár kynnumst við frumkvöðlum m.a. frá Grímsey, Hrísey, Akureyri, Siglufirði, Bakkafirði, Hegrnesi og Sauðárkrók. Norðanáttin blæs því sannarlega um Norðurland allt nú á haustmánuðunum“, segir Anna Lind Björnsdóttir, fulltrúi SSNE í verkefninu.

## Þáttökuteymi Vaxtarrýmis 2022:

**Pelliscól:** Spa vörur með íslensku kollageni.

**Hulduland:** Burnirót - gæðavara ræktuð á sjálfbærn hátt.

**Grænafl:** Grænafl ehf. berst gegn loftslagsvánni með því að vinna að rafvæðingu strandveiðibáta og stuðla að orkuskiptum.

**Logn:** Landhreinsun og nýting. Logn starfar við landhreinsun sem felst í hreinsun í fjörum. Rusl, netatrossur og rekaviður er endurnýttur og smíðað margt úr ásamt vinnslu eldivið og kurls úr íslenskum Birkiskógum.

**Tólgarsmiðjan:** Húðvörur frá náttúrunnar hendi.

**Roðleður:** Roðleður snýst um að þróa nýja sítunarlausn fyrir aðgangs roð svo úr verði stærri flötur í metrávis.

**Earth Tracker:** Earth Tracker provides tools to companies, organizations, and NGOs for social, economic, and environmental climate risk analytics.

**Landnámsegg:** Auka verðmætasköpun með því að koma úrgangi hænсна í umhverfisvænt vöruþróunarferli.

**Snoðbreiða:** Unnið með snoð sem er verðlítill ull, hún nýtt til ræktunar í heimagörðum og til uppgræðslu á erfiðari svæðum, sem stuðningur við fræ og ungar plöntur.

**Scurvygrass Grímsey:** "Gift from nature of the Arctic circle" Skarfakál er fyrsta flokks hráefni frá náttúrunnar hendi; bragðgott, C-vítamínríkt og græðandi, sem gerir það tilvalið í matargerð og matvælaframleiðslu - svo sem í krydd, pestó, te, snakk eða einfaldlega sem salat.

Vaxtarrými hófst 3. október og lýkur 24. nóvember með fjárfestakynningum þáttökuteymanna.

Að Norðanátt standa EIMUR, SSNV, SSNE og ráðgjafafyrirtækið RATA. Bakhjarlar Norðanáttar eru Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Lóan - nýsköpunarsjóður fyrir landsbyggðina.

# HÓLASANDSLÍNA 3 SPENNUSETT

Mikilvæg þáttaskil urðu þegar Hólasandslína 3 var spennusett 30. september.

Framkvæmdin felst í nýbyggingu 220 kV raflínu, Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi. Markmið framkvæmdarinnar er bætt orkunýting, aukin flutningsgeta og að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin er einnig mikilvæg fyrir flutningskerfi landsins í heild þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Línuleiðin er innan fjögurra sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Hólasandslína 3 skiptist í 62 km loftlínuhluta og 10 km jarðstrengshluta. Auk línunnar eru byggð ný 220 kV tengivirki á Hólasandi og á Rangárvöllum við Akureyri.

Undirbúningur línunnar hefur staðið í um áratug, en mati á umhverfisáhrifum lauk árið 2019. Framkvæmdir hófust sumarið 2020 og gert er ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2022. Spennusetning línunnar er áætluð í ágúst 2022.


Í loftlínuhluta Hólasandslínu 3 verða 185 stálröramöstur, flest stöguð. Línuleiðin fylgir línuleið núverandi Byggðalínu að mestu, en frá Laxárdalsheiði að Hólasandi er línuleiðin ný. Línan verður strengd yfir Laxárdal í um 1 km löngu hafi til þess að lágmarka umhverfisáhrif. Laxárlína 1, sem er 66 kV loftlína frá Laxárvirkjun til Akureyrar, verður rifin sem mótvægisáðgerð vegna Hólasandslínu 3.

**Bóka viðtal hjá ráðgjafa**

# FYRIRTÆKJAKÖNNUN LANDSHLUTANNA 2022

Nýlega var gefin út fyrirtækjakönnun landshlutanna fyrir árið 2022. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hafði Vífill Karlsson, ráðgjafi hjá SSV og prófessor við Háskólann á Bifröst og dósent við Háskólann á Akureyri. [Heildarskýrslan er aðgengileg hér.](#)

Könnunin var unnin á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Alls tóku 1.644 fyrirtæki í könnuninni, þar af 188 á starfssvæði SSNE eða um 11% eins og sést á meðfylgjandi mynd:



Stjórnendur á starfssvæðinu okkar mættu alveg vera aðeins duglegri við að taka þátt næst þegar könnunin verður gerð, en síðasta könnun var gerð 2019. Hér verður einungis stiklað á stóru um niðurstöður könnunarinnar, en skýrsluna í heild sinni má finna hér.

## Starfsmannamál og fjárfestingar

Fyrirtæki á Norðurlandi eystra eru við landsmeðaltal þegar þau eru spurð um áætlanir um mannaráðningar og virðist ferðapjónustan vera í mestri þörf fyrir starfsfólk.

Fyrirtæki í landshlutanum virðast ætla að fara varlegar í fjárfestingar á árinu en fyrirtæki í öðrum landshlutum og er einungis fyrirtæki á Norðurlandi vestra varkárari hvað það varðar.

Almennt má segja að fyrirtæki á landinu séu frekar bjartsýn á efnahagshorfur fyrir árið í upphafi árs, þó það kunni að hafa breyst eftir því sem liðið hefur á árið með vaxandi verðbólgu og vaxtahækkunum, auk þess sem horfur í helstu viðskiptalöndum hafa versnað.


## Þurfum að slá í klárinn við vörupróun

Við viljum benda fyrirtækjum á starfssvæði okkar sérstaklega á þann lið könnunarinnar þar sem spurt er út í vörupróun og tekjur af nýjum vörum og þjónustu. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd eru fyrirtæki á Norðurlandi eystra ekki að standa sig sérstaklega vil þegar kemur að tekjum af nýjum vörum, þó verslunin virðist skera sig frá öðrum greinum hér á svæðinu. Aðeins nágrannar okkar í vestri standa sig verr þegar spurt er um hvort fyrirtæki séu að þróu nýja vöru eða þjónustu.

Okkur finnst þetta skjóta svolítið skökku við þá mynd sem við höfum gert okkur um stöðu nýsköpunar á starfssvæði SSNE og vekur upp spurningar hvort frumkvöðlarnir okkar hafi ekki haft tíma til að taka þátt í könnuninni. Það væri miður því könnun sem þessi er afar mikilvæg þegar kemur að vinnu okkar allra við að kynna svæðið og laða að ný öflug fyrirtæki, sem og að koma á framfæri þeim fjölmörgu og flottu frumkvöðlum sem við vitum að eru út um allt Norðurland eystra.


## Tekjur af nýjum vörum og þjónustu

Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru- og þjónustu sem er ný? Áætlið eða námundið.



## Vörupróun

Að hve miklu leyti á eftirfarandi fullyrðing við um fyrirtæki þitt? „Fyrirtækið er að þróa nýja vöru eða þjónustu“. Merkja mátti við: Mjög mikið (7), mikið (6), frekar mikið (5), hvorki mikið né lítið (4), frekar lítið (3), lítið (2), mjög lítið (1).





## UNG MENNAÞING SSNE 2022

Ungmennanþing SSNE var haldið á Dalvík dagana 13.-14. október síðastliðinn. Þingið var að þessu sinni haldið í menningarhúsinu Berg á Dalvík og var þar samankominn hópur ungmenna úr sveitarfélögum alndshlutans, ásamt starfsmönnum sveitarfélaga. Þetta var í þriðja sinn sem Ungmennanþing er haldið í landshlutanum en verkefnið er eitt af áhersluverkefnum SSNE.

Starfsmenn SSNE sáu um skipulag og framkvæmd þingsins en þemað að þessu sinni var frumkvöðlahugsun, fullnýting auðlinda og nýsköpun. EIMUR sá um fræðslu og dagskrá í góðri samvinnu við starfsmenn SSNE.

Á þinginu var unnið sérstaklega með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 9, 11, 12 og 13 en markmið þingsins var einnig að valdefla ungmennin, fá raddir þeirra í Sónaráætlun og fá þau til að kynna ungmennum úr öðrum sveitarfélögum. Þá fengu þátttakendur innblástur frá Svövu Björk Ólafsdóttur hjá RATA ráðgjöf og innsýn í hvernig það er að vera frumkvöðull.

Við þökkum Dalvíkingum fyrir góðar móttökur en framtíðin er björt með þetta unga fólk í fararbroddi í landshlutanum.



## STÝRIHÓPUR UM BYGGÐAMÁL Í HEIMSÓKN

SSNE tók á móti stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál á Akureyri 1. nóvember. Í stýrihópnum, sem gjarnan gengur undir heitinu „Sóknarnefndin“, sitja fulltrúar allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk áheytnafulltrúa frá Bygðastofnun og landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Farið var yfir framvindu Sónaráætlunar Norðurlands eystra og nokkur áhersluverkefni kynnt sérstaklega. Dæmi um verkefni sem unnið er að um þessar mundir er Fiðringur, hæfileikakeppni grunnskólanemenda, Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands og mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í landnýtingu, orkuskiptum og úrgangsmálum. Hvað síðastnefnda verkefnið varðar er verið að mynda fimm spretthópa á sviði landnýtingar, orkuskipta og úrgangsmála. Hver hópur er skipaður þremur sérfræðingum sem hafa tíu mánuði til að skila skýrum tillögum um framkvæmanleg verkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auk annars umhverfisávinninga fyrir landshlutann.

Í almennum umræðum um sóknaráætlanir landshluta lýsti fulltrúi SSNE því mati sínu að sóknaráætlanir landshluta hafi stuðlað að valdeflingu heimamanna og stórefit samstarf innan landshlutans, bæði milli sveitarfélaga og íbúanna sjálfra.

Í lok fundarins var sérstaklega rætt um millilandaflug um Akureyrarflugvöll og fékk hópurinn kynningu frá Hjördísi Þórhallsdóttur flugvallarstjóra, Arnheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands og Þorvaldi Lúdvík Sigurjónssyni framkvæmdastjóra Niceair. Þess má geta að Niceair fékk styrk úr Sónaráætlun Norðurlands eystra árið 2020.

Fundurinn var haldinn í Menningarhúsinu Hofi. Áður en fundurinn hófst sagði Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri frá starfsemi Menningarfélags Akureyrar. Þá kynnti Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistastjóri starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í, en hljómsveitin er ein af þeim sem fengið hafa styrk úr Sónaráætlun Norðurlands eystra sem gaf þeim byr undir báða vængi.



## NÝR BÁTUR Í GRÍMSEY



Mikil stemning var í Grímsey 18. september síðastliðinn þegar nýr bátur bættist við flotann sem fyrir var. Ljóst er að Grímseyingar eru staðráðnir í að halda áfram uppbyggingu í eyjunni.

Hinn nýji Björn EA 220 sem gerður er út af Heimskautssport kom í heimahöfn síðdegis í gær sunnudag, og sigldu flestir bátar eyjunnar á móti Birni til að bjóða bát og áhöfn velkomin heim eftir siglingu að sunnan. Nýjum bátum er alltaf fagnað í Grímsey og er hefð heimamanna að taka vel á móti bátum og áhöfn.

## GRÍMSEYINGAR FYRSTIR TIL AÐ HEFJA LESTARSAMGÖNGUR

Grímseyingar fara ekki troðnar slóðir og nú eru þeir fyrstir til að hefja lestarsamgöngur fyrir almenning á Íslandi. Í sumar festu hjónin Unnur Ingólfssdóttir og Svafar Gylfason kaup á opinni farþegalest. Grímseyjarlestin, eins og hún er kölluð, hefur notið mikilla vinsælda á meðal gesta og gangandi. Í eyjunni voru fyrir engar almenningssamgöngur.

Lestin er kærkomin fyrir ferðamenn með ung börn, eldra fólk og fatlaða sem nú eiga þess kost að ferðast um eyjuna, allt frá flugvelli að Grímseyjarvita. Verkefnið hlaut stuðning úr Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey, en á öllum svæðum, sem eru þátttakendur í verkefninu Brothættar byggðir, er starfræktur frumkvæðissjóður sem styður við frumkvæðisverkefni.

Grímseyjarlestin styrkir sannarlega innviði ferðaþjónustu í Grímsey og leggur lóð á vogaskálar við að auka aðdráttarafl eyjarinnar enn frekar.



## NORTHQUAKE 2022

NorthQuake, alþjóðleg ráðstefna um jarðskjálfta á Norðurlandi, hefur verið haldin á þriggja ára fresti síðan 2013 og var haldin í fjórða skipti dagana 18. til 20. október. Ráðstefnan er vettvangur sérfræðinga á sviði jarðfræði, jarðskjálftafræði og verkfræði. Það er þekkingarnet Þingeyinga sem hefur skipulagt og haldið utan um ráðstefnurnar í samstarfi við þá íslensku vísindamenn sem verið hafa hvatamenn að ráðstefnunni.

Fjölmarginn innlendir og erlendir vísindamenn héldu erindi og kynntu margvíslegar rannsóknir sínar. Fyrri ráðstefnur hafa leitt í ljós hvar helst vantar inn í þekkingu um viðfangsefnið og með hverri ráðstefnu bættist við ný þekking og ný gögn.

Umfjöllunarefnið spannar allt frá því hvar jarðskjálftar verða, hvers vegna, hvenær og hversu stórir þeir geta orðið en einnig hefur alltaf verið áhersla á hversu mikil og víðtæk áhrif jarðskjálftar geta haft á samfélagið.

Verkefnið STEM Húsavík notaði tækifærið og stóð fyrir viðburðum í tengslum við ráðstefnuna, en markmið verkefnisins er að hvetja til og auka STEM vitund í samfélaginu. Meðal annars var íbúum boðið í vísindaferð í nágrenni bæjarins undir leiðsögn jarðvísindafólks og heppnaðist hún vel. Einnig voru vísindamenn með svo nefnt framapallborð þar sem nemendum Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík gafst tækifæri til að kynna sér störf vísindafólksins og spyrja spurninga.


Ráðstefnunni lauk svo með hádegisverðarfundum sem öllum var opinn og gestum gafst tækifæri til að spyrja spurninga.





# AUKAÐING SSNE HALDIÐ Í EYJAFJARÐARSVEIT

Fyrra Aukaþing SSNE var haldið í Eyjafjarðarsveit 23. september síðastliðinn. Þar kom saman sveitarstjórnarfolk frá sveitarfélögunum 10 sem starfa innan SSNE. Þingið þótti heppnast vel en áhersla var lögð á að kynna starfsemi SSNE fyrir nýju sveitarstjórnarfólki, en einnig voru góðar umræður um ályktanir þingsins og fleira. Hér má sjá svipmyndir frá þinginu en ályktanir þingsins má nálgast á [heimasíðu SSNE](#).





## 71% AF ÓNÝTTUM TÆKIFÆRUM

Á dögnum var haldinn íbúarfundur á Húsavík þar sem hugmyndir um samfélagsgróðurhús voru kynntar. Íbúafundurinn var samstarfsverkefni þróunar- og nýsköpunardeildarinnar Eims, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og Hraðsins, miðstöð nýsköpunar á Húsavík.

Verkefnið er hluti af jarðvarma Evrópuverkefni, Crowdthermal, sem Eimur er þátttakandi í, en þar eru skoðaðar nýskapandi leiðir til að nýta jarðvarma á ólíkum svæðum í Evrópu. Jarðvarmi er lítið nýtt auðlind í Evrópu þó svo að möguleikarnir séu miklir, árið 2017 nam til dæmis hluti orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum um 17,5% af heildarorkunotkun í Evrópu og þar af var einungis 3% fengin frá jarðvarma. Í kynningu Eims kom fram að ónýttur varmi á Norðausturlandi væri 71%, eða 71% af ónýttum tækifærum ef hugsað er í lausnum.

Ein hugmyndin er að koma á legg samfélagsgróðurhúsi sem væri þá sýnidæmi um það hvernig má nýta betur heita vatnið okkar og um leiða efla svæði með tilliti til nýsköpunar, sjálfbærni og samveru. Fundargestum þótti síðasti þátturinn ekki hvað síst mikilvægur kostur verkefnisins, ef af verður, því þar myndi skapast svigrúm fyrir kynslóðir að rækta saman andann.

Eða með orðum Hildar verkefnastjóra SSNE: „*Fólk er eins misjafnt og það er margt, en hamingjan er okkur öllum mikilvæg. Það hlýtur að vera hagar samfélaga að byggja upp innviði sem veita íbúum fleiri tæki og töl til að vera hamingjusamir íbúar. Hamingjusamir íbúar er góð landkynning fyrir starfs- og búsetuskilyrði, í Norðurþingi sem og annars staðar. Fyrir mitt leyti er eitt af aðdráttarafi Húsavíkur hversu auðsött það er að njóta útivistar og óspilltrar náttúru. Norðurþing er heilsueflandi samfélag og því áhugavert að hugsa samfélagsgróðurhús sem framsækna og umhverfismiðaða hugmynd fyrir bæjarbraginn. Gróðurhús þar sem kynslóðir rækta saman andann.*“

Hugmynd teymisins er að reisa eitt 100fm<sup>2</sup> gróðurhús sem yrði samfélagshúsið. Þar yrði pláss til að sýsla saman við undirbúning og uppskeru, fræðast saman og fá sér kaffi. Í kringum hið stóra hús yrðu smærri hús, til dæmis bambahús þar sem efniviður er endurnýttur, sem að fólk, hópar eða stofnanir (t.d. leikskóli, Hvammur, framhaldsskólinn) gæti tekið sig saman um að rækta til matar, kennslu eða rannsókna. Í stærra húsinu myndi vera afmarkað pláss fyrir frumkvöðla á matvælasviði að prófa sig áfram, sem og tækifæri fyrir tækniþróunarvinnu FabLabsins.



Á myndinni má sjá fólkið sem var með erindi á kynningunni, frá vinstri: Hildur Halldórsdóttir (SSNE), Þorsteinn S. Benediktsson frumkvöðull, Ottó Elíasson (Eimur), Kolfinna María Nielsdóttir (Eimur), Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims og Stefán Pétur Sólveigarson, verkefnastjóri FabLab og Hraðsins, miðstöðvar nýsköpunar á Húsavík.



Það þurfa allir rými til að prófa sig áfram, mistakast og prófa aftur, hér væri það komið. Við þróun á verkefninu hafa frumkvöðlarnir í Húsavík öll setið við borðið til að ræða hvað þyrfti að vera til staðar fyrir þá á Húsavík til að geta tekið sitt starf enn lengra. Ef allt gengur eftir, gætum við séð eftir nokkur ár fyrsta bjórinn á Íslandi sem væri bruggaður með íslenskum humlum. Það er því ljóst að sjálfbærni sjónarmið á Húsavík eiga hér einnig við. Gaman er að geta þess í framhaldinu að Húsavík ÖI var nýverið kosið besta brugghúsið af gestum alþjóðlegru hátíðinni í Metz, Frakklandi. Tækifærin liggja í loftinu og metnaðurinn er til staðar.

Ljóst var að þátttakendur fundarins vildu sjá verkefnið verða að veruleika og voru tilbúnir að leggja til tíma og fjármagn. Næstu skref verkefnisins eru að útbúa viðskipta- og rekstraráætlun og bera hana undir stjórnsýslu Norðurþings til umfjöllunar.



## DÍANA JÓHANNSDÓTTIR RÁÐIN VERKEFNASTJÓRI HJÁ SSNE

Díana Jóhannsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá SSNE. Hún tekur við starfinu af Rebekku Garðarsdóttur sem hvarf til annarra starfa í ágúst.



Díana er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri og M.Sc. í alþjóðlegri mannauðsstjórnun frá University of Portsmouth. Díana starfaði sem verkefnastjóri hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga frá árinu 2009 en frá árinu 2017 hefur hún verið sviðsstjóri atvinnusviðs Vestfjarðastofu. Í störfum sínum þar sinnti hún meðal annars verkefnum í tengslum við Sóknaráætlun Vestfjarða og markaðs- og kynningarmálum fyrir Vestfirði sem áfangastað ferðamanna.

Díana er fædd og uppalin á Akureyri og er því má segja að snúa aftur heim, en hún mun hefja störf í upphafi nýs árs.

Starf verkefnastjóra hjá SSNE var auglýst þann 23. september síðastliðinn og bárust 31 umsókn um starfið. Ráðningarferlið var unnið í samstarfi við ráðningaþjónustu Mögnum á Akureyri.

## HRÍSEY, PERLA EYJAFJARÐAR

Í september heimsóttu fulltrúar stjórnar í verkefninu Hrísey, perla Eyjafjarðar eyjuna. Verkefnið var hluti af samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Akureyrarbæjar og SSNE og íbúa eyjarinnar undir hatti Brothættra byggða.



Tilgangur ferðarinnar var að hitta heimafólk og sjá hver framvindan hefði verið eftir að verkefninu lauk í lok árs 2019.

Einnig var við þetta tækifæri afhentur styrkur til þróunarverkefna í Hríseyjarskóla að upphæð 2.329.920 kr, en um var að ræða fjármuni sem ekki höfðu nýst í verkefnum í fyrri úthlutunum í verkefninu Hrísey, perla Eyjafjarðar.

Þórunn Björg Arnórsdóttir, skólastjóri sagði gestunum frá skólastarfinu og sýndi þeim skólann. Þá fóru Linda María Ásgeirsdóttir og Ingólfur Sigfússon yfir helstu málefni eyjarinnar og sögðu frá því hvað hefði áunnist, bæði í vinnu að markmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnisins og fyrir tilstilli styrkja til frumkvæðisverkefna. Meðfylgjandi mynd tók Kristján Þ. Halldórsson.





## Ágrip frá framkvæmdastjóra

Að venju hefur haustið verið býsna annasamt og raunar svo annasamt í ár að útgáfu fréttabréfs okkar í september og október var steipt saman.

Starfsfólk SSNE hefur verið önnur kafið við þátttöku í ýmsum fundum og ráðstefnum, eins og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og má lesa um fleiri hér í fréttabréfinu. Einnig höfum við verið að taka á móti gestum sem hafa áhuga á starfsemi innan landshlutans en einkum hefur mikill tími farið í undirbúning og ráðgjöf vegna Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra sem nú auglýsir eftir styrkumsóknum.

Umsóknarfrestur í sjóðinn er 17. nóvember og því enn tækifæri til að sækja um styrki í góð verkefni til að vinna á Norðurlandi eystra. Sjóðurinn styrkir verkefni á sviði atvinnu- og nýsköpunar, menningar- og umhverfismála og því fjölbreytt verkefni sem hafa tækifæri á að fá styrk úr sjóðnum.

Það er annars ýmislegt framundan hjá okkur á Norðurlandi eystra næsta mánuðinn. Nú í nóvember lýkur Vaxtarrými með lokaviðburði þann 24. nóvember n.k., en eins og fram kemur í fréttabréfinu eru völdust 10 spennandi verkefni inn í Vaxtarrýmið í ár. Það verður spennandi að sjá hvernig þau hafa vaxið og dafnað síðustu vikurnar.

Seinna aukabíng SSNE verður haldið rafrænt föstudaginn 2. desember næstkomandi og verður þar samtali um umhverfismál og áhersluverkefni 2023 efst á baugi í þetta skiptið. Að venju hvetjum við allt sveitarstjórnarfolk til að mæta og taka þátt í samtalinu.

Annars er yndislegt að sjá hvernig jólaljósir eru farin að lýsa upp skammdegið, ekki síst í sveitum landshlutans. Mæli með að taka rúnt um svæðið og mæta á hina ýmsu viðburði sem haldnir eru víða þessa dagana - það er um að gera að njóta alls hins góða sem í boði er.



**SSNE**

---

**AUKA**

---

**ÞING**

---

**FÖSTUDAGINN**

---

**2. DESEMBER**

---

**- NÁNARI UPPLÝSINGAR**

---

**Á WWW.SSNE.IS -**